

1940

Þriðjudaginn 3. desember 1991.

Nr. 194/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Birnu Jóhannsdóttur**

(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl sl. Af hálfu ákærvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar, og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Leggja verður framburð ákærðu og vitna þeirra, sem með henni voru í bifreiðinni til grundvallar dómi í máli þessu. Samkvæmt honum sat ákærða í framsæti bifreiðarinnar farþega megin og teygði sig þaðan í stjórnþæki hennar, setti hana í D, þ.e. áfram, og lét hana þannig síga inn á stæðið, sem hún hafði verið í, en bifreiðin var sjálfskipt. Í 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga segir: „Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis“. Verður að fallast á það með ákærvaldinu, að háttsemi ákærðu falli undir greint ákvæði, og taka kröfu þess um sakfellingu til greina.

Ákærða hafði fyrir brot þetta þrisvar gengist undir sátt vegna brota á umferðarlögum, þar af einu sinni vegna ölvunar við akstur. Með hliðsjón af því þykir henni hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt í ríkissjóð. Sektin greiðist fyrir 10. febrúar næstkomandi, en ella sæti ákærða í hennar stað 10 daga varðhaldi. Samkvæmt 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. 2. mgr. og upphaf 3. mgr. sömu greinar,

verður ekki hjá því komist að svipta hana ökuleyfi tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Birna Jóhannsdóttir, greiði 35.000 króna sekt í ríkissjóð. Greiðist sektin ekki fyrir 10. febrúar 1992, sæti ákærða í hennar stað 10 daga varðhaldi.

Ákærða er svipt ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 7. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 134/1991: Ákærvaldið gegn Birnu Jóhannsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. febrúar 1991, á hendur ákærðu, Birnu Jóhannsdóttur, Strandaseli 7, Reykjavík, kt. 290866-5109, „fyrir að aka aðfaranótt laugardags 28. júlí 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-38207 stuttan spöl á bifreiðastæði við veitingastaðinn Glaumbar við Hafnarstræti í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

#### Málsatvik.

Ákærða var yfirheyrð fyrir dómnum 4. þ.m. og vísaði ákærinni á bug að því leyti, að hún kvaðst ekki hafa talið sig hafa ekið bifreiðinni R-38207 aðfaranótt 28. júlí sl., svo sem í ákærinni greinir.

Ákærða kvaðst hafa verið stödd á Glaumbar framangreint kvöld ásamt Unni Birgisdóttur, vinkonu sinni, og Viðari, kunningja sínum, starfsmanni á Glaumbar. Ákærða kvaðst eftir lokun Glaumbars hafa sest út í bifreið sína ásamt Unni og Hafsteini, yfirdyraverði á Glaumbar, og hefðu þau beðið eftir Viðari, sem hefði ætlað að aka bifreið ákærðu, en sá hefði haft bifreiðina til umráða. Ákærða kvaðst hafa sest í framsæti bifreiðarinnar farþega megin, en Unnur hefði sest undir stýri og Hafsteinn setið í aftursæti. Ákærða staðfesti framburð sinn, er gefinn var hjá lögreglu, þess efnis, að Unnur hefði látið öllum illum látum í bifreiðinni og margsinnis gangsett bifreiðina. Ákærða og Hafsteinn hefðu reynt að hafa hemil á Unni, sem síðar hefði sett bifreiðina í afturábakgír og rekist á kyrrstæða bifreið fyrir aftan. Fyrir dóminum bar ákærða, að hún hefði, strax og áreksturinn varð, rekið Unni út úr bifreiðinni, og kvaðst ákærða hafa teygt sig í stjórnþæki bifreiðarinnar, þaðan sem ákærða sat í farþegasætinu, og látið bifreiðina í D, þ.e. áfram, og þannig látið bifreiðina síga áfram inn í stæðið, er hún var í, en ákærða kvað bifreiðina vera sjálfskipta. Ákærða kvað lögregluna hafa komið að nánast í sama mund.

Fjórir lögregluþjónar komu á vettvang framangreinda nótt, og voru þeir allir yfirheyrðir sem vitni fyrir dóminum 4. mars sl. Enginn þeirra kvaðst hafa séð ákærðu sitja undir stýri bifreiðarinnar á þeim tíma, er í ákærinni greinir. Tveir lögreglumannanna voru sumarafleysingamenn, en hinir tveir, er enn gegna lögreglumannsstarfanum, lýstu báðir yfir, að ekki væri loku fyrir það skotið, að ákærða hefði teygt sig yfir í stjórnþæki bifreiðarinnar, svo sem ákærða hefur borið fyfir dóminum, og þannig rennt bifreiðinni inn á bifreiðastæðið. Ekki var gerður vettvangsuppráttur, en lögregluþjónarnir lýstu því, að bifreið ákærðu hefði verið ekið frá 1,5 metra og upp í 2-3 metra, og eitt vitnanna kvað ekki hafa verið unnt að bakka bifreiðinni út úr stæðinu vegna bifreiðarinnar, er var fyrir aftan.

Vitnið Hafsteinn Sveinbjörn Pétursson verkstjóri, Kóngsbakka 1 hér í borg, kom fyrir dóminn 4. þ.m. Hafsteinn bar í öllu efnislega á sama veg og ákærða, svo sem rakið var að framan. Hafsteinn kvaðst þess fullviss, að ákærða hefði aldrei í umrætt sinn sest undir stýri bifreiðarinnar, heldur teygt sig í stjórnþækin, svo sem ákærða lýsti sjálf, eftir að Unnur hafði bakkað á bifreiðina, er var kyrrstæð fyrir aftan.

Vitnið Unnur Birgisdóttir aðstoðarstúlka var yfirheyrð fyrir dóminum í dag. Unnur bar efnislega á sama veg og ákærða um atburði aðfaranætur 28. júlí sl. Unnur kvaðst hafa sett bifreiðina í bakkgír í einhverjum fíflangi með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á kyrrstæða bifreið fyrir aftan, en áður höfðu bæði ákærða og Hafsteinn Pétursson skammað sig fyrir að gangsetja bifreiðina. Unnur kvaðst hafa bakkað u.þ.b. hálfu bílengd, og ekki hefði verið unnt að komast út úr bifreiðastæðinu, án þess

að bifreiðin, er lagt hafði verið fyrir aftan, yrði færð úr stað. Unnur kvað ákærðu hafa teygt sig í stjórnþæki bifreiðarinnar og komið bifreiðinni aftur í fyrri stöðu á bílastæðinu, en Unnur mundi ekki, hvort hún fór út úr bifreiðinni, áður en henni var komið fyrir á stæðinu aftur, eða hvort hún fór út úr bifreiðinni, eftir að bifreiðin var komin á fyrri stað, en lögreglan hefði komið í sama mund að sögn Unnar. Unnar kvað fólkið í bifreiðinni, hafa bedið eftir Viðari, barþjóni í Glaumbar, er hún bakkaði bifreiðinni, svo sem áður er lýst, en Viðar hefði ætlað að aka bifreiðinni.

#### *Niðurstöður.*

Dómurinn telur sannað, að ákærða settist aldrei undir stýri bifreiðarinnar R-38207 á þeim tíma, er í ákæru greinir. Ekki er unnt að átta sig á staðháttum við Glaumbar, þar sem lögregla gerði ekki vettvangsupprátt, en ljóst er af gögnum málsins, að Unnur Birgisdóttir bakkaði bifreiðinni stuttan spöl, frá 1,5 metra og upp í u.þ.b. hálfa billengd, svo sem vitni hafa borið. Þá verður ekki annað ráðið af vitnaframburði en að ekki hafi verið unnt að aka bifreiðinni burt, án þess að bifreiðin, er lagt hafði verið fyrir aftan, yrði færð úr stað. Líklegast er, að Unnur hafi verið farin úr bifreiðinni, er ákærða teygði sig í stjórnþækin, en það er þó engan veginn öruggt, sbr. framburð Unnar að þessu leyti. Dómurinn telur ekki unnt að meta háttsemi ákærðu svo, að um eiginlegan akstur í skilningi umferðarlaga hafi verið að ræða, svo sem í ákæru greinir. Ekki eru löglíkur fyrir því, að fyrir ákærðu hafi vakað að aka bifreiðinni, enda ljóst, svo sem rakið var, að ekki var unnt að aka bifreiðinni út úr bifreiðastæðinu nema færa bifreið, er lagt hafði verið fyrir aftan, og ógerlegt var fyrir ákærðu að aka bifreiðinni í skilningi umferðarlaga, þaðan sem ákærða sat í farþegasæti bifreiðarinnar. Það að teygja sig í stjórnþækin og bregðast við á þann hátt, er ákærða gerði, voru nánast ósjálfráð viðbrögð og að mati dómsins eðlileg viðbrögð miðað við það, að Unnur Birgisdóttir hafði áður bakkað á.

Ákærða er því með vísan til alls ofanritaðs sýknuð af þeirri háttsemi, er henni er gefin að sök í ákæru, og greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. 30.000 kr. í málsvarnarlaun til verjanda ákærðu, Kristjáns Stefánssonar hdl.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Birna Jóhannsdóttir, er sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður, þ.m.t. 30.000 kr. í málsvarnarlaun til Kristjáns Stefánssonar hdl., greiðist úr ríkissjóði.